## Hulda Kristjánsdóttir

**From:** Birgir Birgisson <birgir.fannar.birgisson@gmail.com>
**Sent:** miðvikudagur, 22. janúar 2025 11:47
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps
**Subject:** Re: Hjólreiðaviðburður 21. júní 2025 ?

Sæl aftur Hulda.

Eftir stutt samskipti okkar í desember langar mig að forvitnast hvort þú hafir ekki örugglega móttekið svarið mitt þann 12. desember?

Síðan við ræddum saman síðast höfum við þegar fengið leyfi fyrir öllum öðrum leiðarhlutum fyrir viðburðinn okkar og þess vegna langar mig að heyra hvort við megum eiga von á leyfi Flóahrepps vegna leiðarinnar um Gaulverjabæjarveg (303), Villingaholtsveg (304) í austurátt frá Stokkseyri og þaðan í norður um Urriðafossveg (305) meðfram Þjórsá að þjóðvegi 1?

Við reiknum með að þátttakendur í viðburðinum fari um svæðið á milli klukkan 04:00 og 06:00 að morgni laugardagsins 21. júní 2025 og þess vegna verði lítil sem engin truflun á umferð á þeim tíma vegna viðburðarins. Áætlaður heildarfjöldi þátttakenda er uþb 100 manns.

Hins vegar viljum við líka biðja um leyfi fyrir því að setja upp einfalda drykkjarstöð á bílastæðinu við Urriðafoss. Þá á ég við eitt útileguborð til að setja fram drykkjarvörur fyrir þátttakendur og nokkra litla fána til að gera þátttakendum auðveldara að finna drykkjarstöðina. Þetta yrði sett upp upp úr klukkan 03:00 um morguninn og tekið niður um leið og síðasti þátttakandi er farinn fram hjá.

Ef einhverjar spurningar vakna eða frekari upplýsinga er þörf er alltaf velkomið að hafa beint samband við mig í síma 699-1357.

Með kveðju / Best regards,

Birgir Birgisson
Formaður Reiðhjólabænda

Reiðhjólabændur eru stærsta grasrótarsamtök hjólandi fólks á Íslandi, með um 9.300 meðlimi.

On Thu, Dec 12, 2024 at 2:25 PM Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is> wrote:

> Sæll Birgir og afsakaðu sein svör
>
> Ég get bara talað fyrir hönd Flóahrepps sem liggur frá hringtorginu við Bónus á Selfossi og að Þjórsá.
>
> Eruð þið búin að heyra í lögreglunni eða Sýslumanni varðandi leyfi fyrir viðburðinum?
>
> Kv. Hulda

**From:** Birgir Birgisson <birgir.fannar.birgisson@gmail.com>
**Sent:** þriðjudagur, 19. nóvember 2024 11:47
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>
**Subject:** Hjólreiðaviðburður 21. júní 2025 ?

Góðan dag,

Í tengslum við viðburð sem hjólreiðafélagið Reiðhjólabændur vilja gjarna halda þann 21. júní 2025, vantar okkur að komast í samband við réttan aðila innan sveitarfélagsins til að biðja um leyfi fyrir viðburðinum.

Þetta snýst um viðburð þar sem við gerum ráð fyrir uþb 100 þátttakendum og að leiðin liggi frá Þorlákshöfn í austurátt að Þjórsánni og þaðan í norður að Búrfelli, þar með talið yfir stuttan kafla af Þjóðvegi 1 yfir Þjórsárbrúnna, en beygi svo í norður um Heiðaveg við Seljabrekkur.

Til að fá formlega leyfi fyrir viðburðinum vantar okkur þess vegna að komast í samband við réttan aðila innan sveitarfélagsins Árborgar.  Hvaða aðila ættum við að leita til með þessa fyrirspurn?

Með kveðju / Best regards,

Birgir Birgisson

Formaður Reiðhjólabænda

Reiðhjólabændur eru stærsta grasrótarsamtök hjólandi fólks á Íslandi, með um 9.000 meðlimi.

## Hulda Kristjánsdóttir

| | |
|---|---|
| **From:** | Birgir Birgisson <birgir.fannar.birgisson@gmail.com> |
| **Sent:** | föstudagur, 20. desember 2024 12:01 |
| **To:** | Sveitarstjóri Flóahrepps |
| **Subject:** | Re: Hjólreiðaviðburður 21. júní 2025 ? |
| **Attachments:** | Chase The Sun hjólreiðaviðburður 21-06-2025.pptx |

Sæl aftur Hulda,

Sendi hér viðhengt nánara kynningarefni um viðburðinn sem við viljum biðja um leyfi sveitarfélagsins fyrir.

Þar er meðal annars nákvæm útlistun á þeim vegum og vegarköflum sem við viljum gjarna fá leyfi til að senda þátttakendur um.
Í ykkar sveitarfélagi snýst það um leiðina sem liggur í austur frá Stokkseyri og að Þjórsásósum og þaðan norður að brúnni yfir Þjórsá á hringveginum.
Tímaáætlunin gerir ráð fyrir að þátttakendur séu á ferðinni þarna um í kringum klukkan 4:00 - 6:00 að morgni laugardagsins 21. júní 2025.
Við eigum þess vegna ekki von á að það verði nein teljandi truflun á almennri umferð á meðan á þessu stendur.

Við viljum líka gjarna gefa þátttakendum færi á að renna niður að Urriðafossi til að kíkja á þetta fallega svæði, áður en haldið er áfram austur yfir Þjórsá á þjóðvegi 1.
Í tengslum við það viljum við gjarna biðja um leyfi til að setja upp 1-2 fána með merki viðburðarins nærri frákeyrslunni af Urriðafossvegi niður að bílastæðunum við sjálfan fossinn, svo þátttakendur átti sig á þessum stutta útúrdúr til að fá betra útsýni yfir svæðið.
Þeir fánar eru uþb 2 metra háir, 60cm breiðir og á flötum fótum sem liggja á jörðinni með fargi, svo það verður engin þörf á neinu jarðraski vegna þessa.
Fánarnir yrðu settir upp um kl 03:30 og teknir niður um leið og síðustu þátttakendur eru farnir um svæðið, um kl 06:30.

Mér þætti vænt um að heyra frá ykkur þegar tími hefur gefist til að fjalla um málið á viðeigandi hátt, t.d. á næsta reglubundna fundi sveitarstjórnar.

Með kveðju / Best regards,

Birgir Birgisson
Formaður Reiðhjólabænda

Reiðhjólabændur eru stærsta grasrótarsamtök hjólandi fólks á Íslandi, með um 9.000 meðlimi.

On Thu, Dec 12, 2024 at 2:25 PM Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is> wrote:

> Sæll Birgir og afsakaðu sein svör
>
> Ég get bara talað fyrir hönd Flóahrepps sem liggur frá hringtorginu við Bónus á Selfossi og að Þjórsá.
>
> Eruð þið búin að heyra í lögreglunni eða Sýslumanni varðandi leyfi fyrir viðburðinum?

Kv. Hulda

**From:** Birgir Birgisson <birgir.fannar.birgisson@gmail.com>
**Sent:** þriðjudagur, 19. nóvember 2024 11:47
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps <floahreppur@floahreppur.is>
**Subject:** Hjólreiðaviðburður 21. júní 2025 ?

Góðan dag,

Í tengslum við viðburð sem hjólreiðafélagið Reiðhjólabændur vilja gjarna halda þann 21. júní 2025, vantar okkur að komast í samband við réttan aðila innan sveitarfélagsins til að biðja um leyfi fyrir viðburðinum.

Þetta snýst um viðburð þar sem við gerum ráð fyrir uþb 100 þátttakendum og að leiðin liggi frá Þorlákshöfn í austurátt að Þjórsánni og þaðan í norður að Búrfelli, þar með talið yfir stuttan kafla af Þjóðvegi 1 yfir Þjórsárbrúnna, en beygi svo í norður um Heiðaveg við Seljabrekkur.

Til að fá formlega leyfi fyrir viðburðinum vantar okkur þess vegna að komast í samband við réttan aðila innan sveitarfélagsins Árborgar.  Hvaða aðila ættum við að leita til með þessa fyrirspurn?

Með kveðju / Best regards,

Birgir Birgisson

Formaður Reiðhjólabænda

Reiðhjólabændur eru stærsta grasrótarsamtök hjólandi fólks á Íslandi, með um 9.000 meðlimi.




CHASE THE SUN
ICELAND 2025

Ekki þjóta, bara njóta

(It´s a ride, not a race)

## Hvenær fer Chase The Sun fram?

Hugmyndin að baki Chase The Sun er mjög einföld. Hver og einn þátttakandi svarar spurningunni:

**Get ég hjólað 335 kílómetra á lengsta degi ársins?**

( Sumarsólstöður, laugardaginn 21 júní 2025 )

Til að skera úr um þetta er lagt af stað við fyrstu sólargeisla við sólarupprás og takmarkið er að vera kominn á áfangastað fyrir sólsetur.

Það er nauðsynlegt, vegna samninga við eigendur vörumerkisins, að viðburðurinn fari fram á réttum degi, þ.e. þeim laugardegi sem er nálægast sumarsólstöðum, á sama tíma og sams konar viðburðir í hinum þátttökulöndunum.




## Hvað er Chase The Sun ?

Löng hjólaferð (335km) í fallegri náttúru og góðum félagsskap. Slagorð viðburðarins er "It´s a ride, not a race" (Ekki þjóta, bara njóta).

Það er samt ekkert sem bannar fólki að fara leiðina á eins góðum tíma og hver og einn ræður við, en í allri kynningu á viðburðinum er lögð áhersla á að njóta ferðarinnar, ekki á beinharða keppni. Hópurinn mun því líklega dreifast nokkuð mikið því markmið fólks og geta eru mjög mismunandi eins og reynslan frá hinum löndunum staðfestir.

Ætlunin er að njóta ferðarinnar og hafa augun opin fyrir umhverfinu. Þátttakendur geta gefið sér tíma til að stoppa öðru hverju á leiðinni til að hvílast, nærast og njóta þess að vera í fallegu umhverfi. Þess vegna er leiðin lögð um falleg svæði með ríka sögu og marga áhugaverða staði til að skoða.
Öryggi þátttakenda er að sjálfsögðu mjög mikilvægt og þess vegna liggur leiðin ekki um þá vegi þar sem umferð er mikil og hröð.



## RIDE LOCATIONS

**Select a ride below** to reveal more information.




| | | | |
|---|---|---|---|
| Ca. 250 participants pr year | Ca. 400 participants pr year | Ca. 900 participants pr year | Ca. 300 participants pr year |

https://www.chasethesun.org

**04:46** SUNRISE START | **22:13** SUNSET FINISH | **3100m** ELEVATION | **209** MILES

### THE ROUTE

Experience our most spectacular and challenging route, to Chase the Sun from sunrise on the Irish Sea at the historic Titanic docks of Belfast, up the dramatic coastal road and the Antrim Glens, heading inland to traverse forests, mountains, and loughs. Riders explore the mythical landscapes and landmarks of the 'emerald isle'. The route crosses the border of Northern and Republic of Ireland and finishes at sunset along the wild Atlantic way beaches at Enniscrone.




Final detailed route maps and timing schedules will be released to all registered riders via a download link in the spring—for now the route overview graphic provides the vital statistics.

**04:27** SUNRISE START | **22:05** SUNSET FINISH | **3200m** ELEVATION | **200** MILES

### THE ROUTE

Breathtaking landscapes and quiet roads over 200 miles leaving from the beachfront at Whitley Bay at the first ray of ocean sunrise aiming to reach the esplanade at Ayr to witness the (hopefully glorious) sunsetting into the sea beside the Isle of Arran. A route full of stunning vistas, wilderness, heaths, rivers, lochs, castles and beaches, a challenge to inspire you when pedalling the longest day.




Final detailed route maps and timing schedules will be released to all registered riders via a download link in the spring—for now the route overview graphic provides the vital statistics.

04:41
SUNRISE START

21:33
SUNSET FINISH

3000m
ELEVATION

205
MILES

## THE ROUTE

A diverse cross-section of the city, country and history. Starting in the Thames estuary, the 200+ mile route bi-sects south London, bridging the Thames onto Wiggin's Olympic time trial route, before seeking green country lanes, quaint villages, the lush Vale of Pewsey, climbing the Mendip hills, descending breathtaking Cheddar gorge, finally arriving on the seafront at Weston-Super-Mare.




Final detailed route maps and timing schedules will be released to all registered riders via a download link in the spring—for now the route overview graphic provides the vital statistics.

05:30
SUNRISE START

21:05
SUNSET FINISH

3300m
ELEVATION

280
KILOMETERS

## THE ROUTE

A magnificent ride across Italy in a day. Depart from Pantani's hometown of Cesenatico on the Adriatic sea, to reach the Tirrenia coast, east to west, from sunshine to sunset. The most romantic long distance cycling challenge, climbing mountains, through vineyards and vistas, 280+ kilometers and 3300m elevation. Bellissimo!




Final detailed route maps and timing schedules will be released to all registered riders via a download link in the spring—for now, the route overview graphic provides the vital statistics.

## Erlendir þátttakendur

Skipuleggjendur Chase The Sun hafa frá upphafi haldið mjög nákvæma skrá yfir þátttakendur á hverjum stað á hverju ári. Úr þeim gögnum er hægt að lesa að þó nokkur hópur fólks hefur "safnað leiðum", þ.e. ferðast á milli allra landanna og lokið öllum leiðum sem eru í boði.

Við gerum þess vegna ráð fyrir að fá einhvern hóp erlendra þátttakenda frá í upphafi, þar sem skipuleggjendur hafa boðist til að standa fyrir kynningu á þessari nýju leið til allra þeirra sem hafa tekið þátt í Chase The Sun á undanförnum árum.

Þessi markvissa kynning er mjög mikils virði fyrir Chase The Sun Iceland á meðan viðburðurinn er að skjóta rótum. Við gerum ráð fyrir ubb 100 þátttakendum í heildina í þessari fyrstu útgáfu viðburðarins og líklega verða flestir þátttakendur það fólk sem áður tók þátt í Tour of Reykjavík, Síminn Cyclothon, KIA Gullhringnum og álíka viðburðum.







## Upphafsstaður: Þorlákshöfn

Í Þorlákshöfn er hægt að standa á bryggjunni, horfa í austur og sjá sólina koma upp yfir höfninni. Þetta er mikilvægt í stærra samhengi, því venjulega eru Chase The Sun ferðir farnar frá austurströnd viðkomandi lands yfir að vesturströndinni. Þetta er ekki raunhæft hér á landi vegna fjarlægðarinnar frá Glettingi að Gufuskálum svo eigendur vörumerkisins hafa samþykkt að leiðarvalið okkar verður ólíkt því sem gerist í hinum þátttökulöndunum.

Lagt verður af stað klukkan 03:00 aðfararnótt laugardags og við áætlum að fyrstu þátttakendur ljúki 335 km vegalengdinni um klukkan 15 sama dag. Þessi tímasetning þýðir að flestir þátttakendur verða komnir norður fyrir Þjóðveg 1 við Þjórsárbrú fyrir klukkan 06:00 um morguninn og nálgast Gullna Hringinn um eða eftir hádegið. Það getur haft töluverð áhrif á tímasetninguna hvort þátttakendur lenda í mótvindi hluta leiðarinnar.

Við vonumst til að í Þorlákshöfn muni stór hluti þátttakenda gista frá föstudegi til laugardags, til að vera úthvíld þegar viðburðurinn hefst. Búið er að bóka gistirými á svæðinu fyrir nokkra erlenda gesti, en hver fjöldi þeirra verður er enn óljóst. Eflaust mun einhver hópur fólks nýta sér Bike Park aðstöðuna vestan við bæinn og jafnvel hjóla aðrar leiðir um nágrennið á föstudeginum. Þá má líka búast við einhverjum fjölda aðstandenda sem vilja horfa á "sitt fólk" leggja af stað í ferðina aðfararnótt laugardagsins.

## Endamark: Nauthólsvík

Eftir fund með forsvarsfólki Nauthólsvíkur gerum við ráð fyrir að endamark viðburðarins verði á Ylströndinni og stjórnstöð viðburðarins í húsi siglingaklúbbsins Sigluness.

Þátttakendum býðst þá að nýta aðstöðuna á Ylströndinni til að skola af sér rykið strax eftir ferðina og slaka á í heita pottinum, ef fólk vill.

Innifalið í þátttökugjaldi verður svo önnur heimsókn á Ylströndina hvort sem fólk vill nýta það tilboð fyrir eða eftir viðburðinn.

Það er mikill kostur að þátttakendur geta notað hjólastígana í Elliðaárdal og Fossvogsdal til að komast í gegnum borgina, sem gerir allar götulokanir og almenna truflun á umferð óþarfa.

Aðstaða fyrir fjölskyldur þátttakenda til að taka á móti fólki í mark er mjög góð og við vonumst til að þar myndist stemmning seinni part laugardagsins sem mun haldast fram á kvöldið þar til flestir þátttakendur hafa skilað sér að endamarki. Til þess verður settur upp matarvagn og við höfum hófstillta tónlist í gangi ca kl 18:00-22:00






CHASE THE SUN - FYRIRHUGUÐ LEIÐ - VEGKAFLAR
Route and Elevation
Reykjavík
Vegalengd
Flokkun vegar
Yfirborð
Malbik 243 km
Möl 92 km


CTS Iceland 2025 - FINAL
Cycling Route
Edit
Details
334,9 km
2,747 m
15:28:11
85% asphalt + 15% gravel
1. Þorl.h. – Urriðaf. 43 + 12 km = 55 km
2. Urriðaf. - Búrfell 37 + 43 km = 80 km
3. Búrfell – Flúðir 44 + 8 km = 52 km
4. Flúðir – Laugarv. 54 + 6 km = 60 km
5. Laugarv. – Nesjav. 36 + 12 km = 48 km
6. Nesjav. – Rvk 31 + 11 km = 42 km
Route and Elevation
Reykjavík


Öryggi þátttakenda
Enginn þátttakandi fær að fara af stað í ferðina nema vera með allan öryggisbúnað í lagi. Hjálmur og ljós eru skylda, auk þess sem nægt endurskin verður að vera til staðar.
Þátttakendur þurfa að vera sjálfbjarga á leiðinni um lágmarksviðgerðir, svo sem slönguskipti og allir verða að hafa vandaðan GPS búnað til rötunar, auk farsíma þar sem neyðarnúmer viðburðarstjórnar er skráð í flýtiminni.
Við vegamót þar sem þátttakendur þurfa að beygja til vinstri og fara þvert yfir veg, t.d. við beygju af Þjóðvegi 1 austan við Þjórsárbrú í norðurátt að Búrfelli, mun viðburðastjórn hafa brautargæslufólk til staðar sem gætir þess að þátttakendur fari varlega við slíkar beygjur. Sömu ráðstafanir verða gerðar við Laugarvatnsveg austan við Geysi og Þingvallaveg við gatnamót að Efri Grafningsvegi.
Við Vegbrekkur nærri Suðurlandsvegi verður brautargæsla sem beinir þátttakendum að undirgöngum undir veginn, í stað þess að þátttakendur fari annars yfir veginn eða hjóli eftir honum.
CHASE THE SUN


Öryggi þátttakenda
Viðvörunarskilti verða sett upp við þá staði þar sem leið þátttakenda í viðburðinum sker leið annarra vegfarenda.
Skilti verða sett upp beggja vegna við þau vegamót í 250 metra fjarlægð frá vegamótunum.
HJÓLANDI UMFERÐ
ÞVERAR VEG
250 m
110 cm
150 cm


Brautargæsla 1
Vinstri beygja frá Suðurlandsvegi (1) inn á Heiðarveg (284)
Hér verður brautarvörður sem gætir þess að þátttakendur sveigi ekki í veg fyrir umferð úr gagnstæðri átt (kl. 04:30 – 06:30)
Skilti verður sett upp 250 metra frá gatnamótum til að vara vegfarendur við hjólandi umferð


Brautargæsla 2
Vinstri beygja frá Skeiða- og Hrunamannavegi (30) inn á Laugarvatnsveg (35)
Hér verður brautarvörður sem gætir þess að þátttakendur sveigi ekki í veg fyrir umferð á Laugarvatnsvegi (35) (kl. 10:30 – 14:30)
Skilti verður sett upp 250 metra frá gatnamótum til að vara vegfarendur við hjólandi umferð

## Brautargæsla 3

Vinstri beygja frá Þingvallavegi (36) inn á Efri Grafningsveg (360)

Hér verður brautarvörður sem gætir þess að þátttakendur sveigi ekki í veg fyrir umferð úr gagnstæðri átt á Þingvallavegi (36) (kl. 14:00 – 18:00)

Skilti verður sett upp 250 metra frá gatnamótum til að vara vegfarendur við hjólandi umferð



## Brautargæsla 4

Aðkoma af Nesjavallavegi (435) að Suðurlandsvegi (1)

Hér verður brautarvörður sem beinir þátttakendum inn á leið um Vegbrekkur og nálæga hjólastíga (kl. 15:30 – 21:00)

Af því þarna er beygt til hægri og þátttakendur þvera ekki veginn verða ekki sett upp nein skilti






## Öryggi þátttakenda

Þegar þátttakendur koma að Nesjavöllum stendur þeim til boða að fá tæknilega aðstoð áður en lagt er af stað yfir Dyrfjöll á Nesjavallaleið. Þannig er tryggt að enginn þátttakandi fari yfir fjöllin og niður brattar brekkurnar vestan megin, nema vera viss um að hjólið sé í góðu lagi og fullkomlega öruggt.

Þessi áfangastaður gefur skipuleggjendum þar að auki tækifæri til að vita um það bil hvenær von er á þátttakendum að endamarki í höfuðborginni. Brautargæslufólk við vestari enda Nesjavallaleiðar mun hafa auga með öryggi þátttakenda þegar fara þarf yfir Suðurlandsveg nærri Rauðavatni. (Stefnt er að því að fá leyfi til að nýta undirgöng undir veginn, en þar sem þau eru hluti af skilgreindri reiðleið, er enn þá óljóst hvort leyfi fáist fyrir því).

Alla leiðina frá rásmarki við Þorlákshöfn að endamarki við Nauthólsvík mun smárúta á vegum skipuleggjenda fara á eftir þátttakendum og veita nauðsynlega aðstoð ef einhver ófyrirséð vandamál koma upp.

## Leið þátttakenda nærri Suðurlandsvegi við Rauðavatn



Þátttakendur hjóla ekki yfir Suðurlandsveg, heldur fylgja öðrum minna förnum leiðum norðan við veginn, þar til komið er að undirgöngum nærri hringtorgi við vegamót Suðurlandsvegar og Breiðholtsbrautar. Þaðan er hjólað á hjólastígum þar til komið er inn á hjólastígakerfi Reykjavíkur efst í Víðidal

## Leið þátttakenda nærri Suðurlandsvegi við Rauðavatn



Mögulega verður sótt leyfis til að nýta reiðstig við Vegbrekkur til að komast gegnum undirgöng undir Suðurlandsveg.

Þaðan yrði hjólað eftir reiðstig að Heiðmerkurvegi, svo framhjá Rauðhólum að hjólastíg sem liggur gegnum Norðlingaholt að hjólastígakerfi Reykjavíkur efst í Víðidal.




CHASE THE SUN
ICELAND 2025

**Ekki þjóta, bara njóta**

(It´s a ride, not a race)